

---

# BARNAKÓR HÆÐARBÓLS

ÞRÓUNARVERKEFNI UNNIÐ VETURINN 2017-2018

---



---

## LEIKSKÓLINN HÆÐARBÓL

---



ÁBYRGÐARMAÐUR VERKEFNIS: SIGURBORG KRISTJÁNSDÓTTIR SKÓLASTJÓRI

VERKEFNISSTJÓRAR: ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR OG

JÓHANNA GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR

---

## MARKMIÐ VERKEFNIS OG TENGLI VIÐ SKÓLASTARF

Markmið verkefnisins voru að m.a. að tengja hið mikla tónlistarlíf sem verið hefur á Hæðarbóli um árabíl við skólanámskrá Hæðarbóls þannig að kórstarfið yrði liður í því að ná fram þeim markmiðum sem þar eru lögð til grundvallar. Kórstarfið tengist með beinum hætti nokkrum farnipáttum skólanámskrárinnar en helst ber að nefna læsisþáttinn en hrynjandi í texta og skilningur á því sem sungið er um byggir undir málþroskann á marga vegu. Hlustun er mikilvæg í kórstarfi en hlustun er grundvöllur undir færni til að ná tökum á tungumáli og efla málskilning. Nótalæsi er einn þáttur læsis og tengist t.a.m. stærðfræðilæsi með beinum hætti en hrynur og taktar voru teiknaðar upp og klappaðir á æfingum og er þessi þáttur hrein viðbót við læsisstefnu Hæðarbóls. Lýðræðis- og mannréttindaþáttur er einnig mikilvæg hæfni sem kórstarfið hefur eftir með virkni og þátttöku allra kórmeðlima því kór byggir á samvinnu og börnin sem mynda kórinn hafa áttað sig á samábyrgð sinni til að flutningar tónlistarinnar megi verða sem bestur. Kórstarfið var líka hugsað sem vettvangur til að efla samskipta- og félagsfærni sem er eitt besta veganesti sem börn hafa með sér út í lífið.

## FRAMKVÆMD OG LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

Kóræfingarnar fóru fram að meðaltali einu sinni í viku hjá tveimur elstu árgöngum skólans eða 28 börnum. Fjórir kennarar sáu um framkvæmd verkefnisins, verkefnisstjórnir Anna María Sigurjónsdóttir, sem sá að mestu um kórstjórn og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir ásamt ráðgjöfum verkefnisins Önnu Svanlaugsdóttur og Evu Birgisdóttur sem einnig sáu um undirleik. Framkvæmdanefndin hittist reglulega eins og lagt var upp með í framkvæmdaráætlun og lagði mat á starf kórsins.

Framkvæmdanefndin kom sér saman um hvaða lög kórinn skyldi leggja áherslu á, má þar nefna klassísk lög, frumsamin lög, keðjusöng, tvíradda söng og lög með mismundandi hrynjanda. Til að auðvelda börnunum að læra texta voru útbúin myndræn plaköt sem hægt var að halda uppi á meðan börnin lærðu lag og texta. Einnig voru útbúin plaköt með nóttagildum til að klappa hrynjandi og þjálfá taktakyn. Börnin fengu öll sína mottu sem þau merktu með mynd af sér á til að standa á eða sitja á á æfingum. Það tók nokkrar æfingar fyrir framkvæmdanefnd og kór að finna út hvernig best væri að raða upp í kórinn þannig að góð einbeiting náðist. Til að skapa heildarmynd fyrir kórinn var farið í hugmyndavinnu að útliti búninga fyrir kórinn. Búningar fyrir kórinn voru keyptir með sérstöku lógói sem 11 ára stúlka hannaði.

### **Barnakór Hæðarbóls kom fram við margvísleg tækifæri yfir veturinn**

Laugardaginn 2. desember 2017 söng kórinn þegar ljósin voru tendruð á jólatrénu á Garðatorgi

Fimmtudaginn 14. desember 2017 söng kórinn á Bæjarskrifstofu Garðabæjar

Miðvikudagur 7. mars 2018 söng kórinn á Skólapingi í Flataskóla

Miðvikudaginn 18. apríl. 2018 var sungið á afmælishátíð Urriðaholtsskóla

Miðvikudaginn 25. apríl söng kórinn á Bæjarbóli í tengslum við Listadaga

Fimmtudaginn 26. apríl var sungið í Jónshúsi í tengslum við Listadaga

Föstudaginn 27. apríl söng kórinn á opnu húsi á Hæðarbóli

Kórinn æfði líka sérstaklega nokkur jólalög og leiddi söng á jólaballi skólans  
mánudaginn 18. desember 2017

---

## FRÁVIK ER VARÐAR VERKEFNIÐ

---

Engin teljanleg frávik eru frá framkvæmdaráætlun þróunarverkefnisins. Ákvörðun var tekin að nýta fjárhæðina sem verkefnið fékk til þess að kaupa verkfæri og búninga til þess að styrkja tónlistarflutning og tónlistakennslu leikskólans.

---

## NÝTING FJÁRMUNA

---

Verkefnið hlaut kr. 500.000 kr. og var fjárhæðinni varið í:

- |  |             |
|--|-------------|
| • Rafmagnsgítar, snúru og tösku frá Tónastöðinni     | 87.000 kr.  |
| • Jólalúfum frá Rúmfatalagernum                      | 21.000 kr.  |
| • JBL Boombox ferðahátalara frá Elko                 | 54.000 kr.  |
| • Kórbolum frá Bros auglýsingavörum                  | 149.000 kr. |
| • Hljóðfærum til tónlistarkennslu frá Barnasmiðjunni | 99.000 kr.  |
| • Þráðlausum hátölurum frá Elko                      | 45.000 kr.  |
| • Trommur frá Hljóðfærahúsinu                        | 45.000 kr.  |

Samtals: 500.000 kr.

---

## ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF

---

Kórinn hefur auðgað tónlistarlíf skólans. Mikil reynsla hefur skapast í kringum starfið sem hægt er að byggja á til framtíðar til að þróa kórastarfið enn frekar. Þróunarstyrkurinn gerði skólanum kleift að versla hljóðfæri, búninga, mottur og annan búnað. Verkefnið var kynnt á menntadögum í október 2017. Aðrir leikskólar sem hyggjast stofna barnakóra gera leitið til Hæðarbóls og fengið ráð ef þeir vilja því mikil þekking hefur skapast á þessum vetri.

---

## LOKAORÐ

---

Þessi styrkur var mikill akkur fyrir Hæðarból og fin innspýting til að efla tónlistarlífið sem fyrir var enn frekar. Barnakór Hæðarbóls verður áfram starfandi með svipuð markmið og áður, reynslunni ríkari. Kærar þakkir.

## SÝNISHORN AF FRAMKVÆMD ÞRÓUNARVERKEFNSISINS



Börnin fengu hvert sína mottu til að  
á meðan á kóræfingu stóð



Myndræn uppbygging á laginu Döggin á Rósum



Jólalög sungin á Bæjarskrifstofum Garðabæjar

**UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA OG ÁBYRGÐARMANNS**

---

Garðabær 1. júní 2018

**Ábyrgðarmaður verkefnis**

*Sigurborg Kristjánsson*

**Verkefnisstjórar**

*Anna María Sigurjónsdóttir*  
*Jóhanna Elvín Ólafsson*